

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 14. febrúar 2023
UST202301-336/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og nýtt deiliskipulag – Stóra-Laxá, veiðihús í landi Laxárdals

Vísað er til erindis skipulagfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og nýtt deiliskipulag fyrir Stóra-Laxá, vegna veiðihúss í landi Laxárdals.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting felur í sér breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihúsi (AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að Bæjarási.

Mikilvægt fuglasvæði

Í greinargerð kemur fram að svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis líkt og allt Suðurlandsundirlendið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar og ítarlegar um fuglasvæðið í tillögunni og það komi fram hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun svæðisins og að svæðið sé í umhverfisviðmiðum umhverfismatskýrslu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands hvað þetta varðar.¹

Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að vistgerðir á svæðinu eru að mestu leyti hraungambravist (L5.3) en einnig er þar að finna lyngmóavist á hálendi (L10.7) og língresis- og vingulsvist (L10.7) sem eru með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þess segir að hafa ber í huga nákvæmni korts Náttúrufræðistofnunar Íslands sem miðast við 1:25.000.

Umhverfisstofnun telur nákvæmni kortsins ágæta við vinnslu tillögunnar þar sem að skipulagsuppdráttur aðalskipulags er í 1:50.000. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að gerð sé nákvæmari úttekt á gróðri og fuglalífi við gerð deiliskipulags.

Þar sem að innan skipulagssvæðisins eru vistgerðir með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins þarf að fjalla nánar um Bernarsamninginn í tillögunni og hafa hannsem umhverfisviðmið í umhverfisskýrslu.

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>

Skógrækt og landgræðsla

Í umhverfisviðmiðum er vitnað í aðalskipulag sveitarfélagsins þar sem segir: „*Skógrækt og landgræðsla verður nýtt til bindingar kolefnis. Áfram verður unnið að endurheimt gróðurs og landgæða.*“ Umhverfisstofnun telur þetta vera óljóst þar sem breytingartillagan fjallar ekkert um skógrækt, landgræðslu og endurheimt. Umhverfisstofnun telur eðlilegra að náttúruverndarlög nr. 60/2013 séu höfð sem umhverfisviðmið með áherslu á 2. gr.: „*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.*“²

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>